



Borgarráð

Efni: Verklag vegna innheimtu hjá b-hluta fyrirtækjum borgarinnar

Vísað er til fyrirspurnar, dagsett 5. janúar sl., frá áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins um verklag vegna innheimtu hjá b-hluta fyrirtækjum borgarinnar


Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Óskað er eftir upplýsingum um hvenær innheimtviðvaranir eru sendar sé viðskiptakrafa/reikningur ógreiddur, hvenær kröfur fari í milliinnheimtu og jafnframt hvað þurfi að eiga sér stað svo að krafa fari í milliinnheimtu og svo löginheimtu. Hvað líða margir dagar frá því að reikningur íbúa er ógreiddur og þangað til að hann fer í milliinnheimtu? Eftir hversu marga daga fara ógreiddar kröfur í löginheimtu? Óskað er eftir svörum frá öllum b-hluta fyrirtækjum í meirihlutaeigu borgarinnar sem senda út viðskiptakröfur vegna þjónustu, nema Félagsbústöðum þar sem verklag í kringum innheimtu liggur skýrt fyrir.“

Eftirfarandi svör bárust frá b-hluta fyrirtækjunum:

Orkuveita Reykjavíkur:

Orkuveita Reykjavíkur sendir sjálf út lögbundna innheimtviðvörum skv. 7. gr. Innheimtulaga nr. 95/2008. Innheimtviðvörðunin er send 20 dögum eftir eindaga (sem er sá sami og gjalddagi). Ferlið hjá Orkuveitunni er eftirfarandi:



Ferli og ástæður þess að kröfur eru sendar í löginheimtu eru tvíþættar:

- Almennar kröfur (orkureikningar o.fl.)
 - Öll úrræði milliinnheimtu eru fullreynd



MSS22080174

Reykjavík, 13. febrúar 2023

- Álögð vatns- og fráveitugjöld
 - Um er að ræða lögveðskröfur og að fullreyndu milliinnheimtufurli eru kröfur sendar til löginnheimtu til að verja lögveð.

Félagsbústaðir:

Motus sendir út lögbundna innheimtviðvörðun í nafni Félagsbústaða 14 dögum eftir eindaga. Krafan fer í milliinnheimtu til Motus 15 dögum eftir að innheimtviðvörðunin er send út. Það þýðir að krafan er komin í milliinnheimtu 36 dögum eftir gjalddaga.

Varðandi löginnheimtuna þá þurfa að vera liðnir 2-3 mánuðir í milliinnheimtu áður en krafa er send í löginnheimtu. Málin eru því að fara í löginnheimtu 3-4 mánuðum eftir gjalddaga að því gefnu að leigjandinn hafi ekki greitt leigu í 2-3 mánuði og hefur ekki samið um skuldina.

Faxaflóahafnir:

Faxaflóahafnir eru ekki með samning við innheimtufyrirtæki. Faxaflóahafnir senda sjálf út lögbundnu innheimtviðvörðuna en sé reikningur ekki greiddur innan 70 daga er hann sendur í innheimtu til lögmans Faxaflóahafna sem er Magnús Baldursson hjá Lagastoð.

Faxaflóahafnir eru með lögveð í skipum fyrir skipagjöldum og lögveð fyrir lóðaleigu á hafnarsvæðum og ógreiddar kröfur eru sendar í löginnheimtu til að verja lögveð.

Sorpa:

Motus sér um að senda lögbundnar innheimtviðvaranir í nafni Sorpu eftir 5 daga frá eindaga. Kröfur fara í milliinnheimtu að jafnaði 15 dögum eftir eindaga. Kröfur sem eru hærri en 100.000 fara í löginnheimtu 55 dögum eftir eindaga.

Strætó:

Motus sendir lögbundnar innheimtviðvaranir þegar krafa kemur til þeirra. Þegar innheimtviðvörðun er send á viðskiptavini sendir Motus lista til Strætó sem er yfirfarinn niður á einstaklinga. Það fer alltaf fram mat á því hvort að kröfur eru sendar áfram, s.s. ef viðskiptavinur stendur alltaf í skilum, krafa er undir 5.000 og eigandi kröfu skuldar ekkert annað o.s.frv.

Gjalddagi er alltaf í lok þess mánaðar sem krafa er send út og eindagi er 5-7 dögum seinna. Ef krafan er ógreidd í 10 daga fram yfir eindag fer hún til Motus í milliinnheimtu.

Almennt sendir Strætó ekki kröfur í löginnheimtu þar sem um er að ræða lágar fjárhæðir, það eru þó örfáar undantekningar frá því ef fjárhæðir eru verulegar en afskaplega sjaldgæft.



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

MSS22080174

Reykjavík, 13. febrúar 2023

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins:

Viðskiptabanki Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sendir lögbundna innheimtuviðvörðun fyrir slökkviliðið 15 dögum eftir eindaga. Krafa fer í milliinnheimtu 90 dögum eftir eindaga. Slökkviliðið hefur ekki sent kröfur í löginnheimtu þar sem það er þeirra mat að það svari ekki kostnaði.

Haldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs